

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986 með síðari breytingum, og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

**REGLUGERÐ**

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 213/1991  
um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.**

## 1. gr.

## 3. gr. orðist svo:

Upphæð vasapeninga er kr. 16.829 á mánuði. Tekjur að kr. 3.332 á mánuði skerða ekki þessa upphæð. Tekjur umfram kr. 3.332 skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við tekjur kr. 29.223 á mánuði.

## 2. gr.

## 5. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða vasapeninga, sem nemur tvöföldum sjúkradagpeningum einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, fyrir hverjar 24 klst. sem sjúklingur dvelst samfellt utan stofnunar án þess að útskrifast. Greiðslur skulu þó að hámarki miðast við 15 sólarhringa í hverjum almanaksmánuði. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir umsókn sjúklings og vottorð sjúkrastofnunar. Greiðslur fara fram mánaðarlega eftir á.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 66. gr., sbr. 5. mgr. 43. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. apríl 1999.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ**

**um fjárhæð elli- og örorkulífeyris.**

## 1. gr.

Fullur árlegur ellilífeyrir skal vera kr. 201.948.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 201.948.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 11. og 12. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. apríl 1999.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## GJALDSKRÁ

**vegna sorphirðu (sorphreinsun og sorphörgun)  
í Mýrdalshreppi fyrir árið 1999.**

## 1. gr.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1999.

## 2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 113/1989 um sorphirðu í Mýrdalshreppi fyrir árið 1999 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

<i>Sorphirðugjöld</i>	<i>Sorphreinsun</i>	<i>Urðun á heimilis-úrgangi</i>	<i>Gámavöllur, grófurðun og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>
Íbúðarhús	6.615	1.385	5.500	13.500
Fyrirtæki, meðaltal	9.317	5.187	5.500	20.004
Sumarhús	1.659	1.213	2.750	5.622

Kostnaði vegna gámavallar, grófurðunar og endurvinnslu er jafnað á alla greiðendur sorphirðugjalda, þó þannig að eigendur sumarhúsa greiða hálf t gjald. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Hreinsunar- og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorphláta og umfangi úrgangs eins og hér segir:

<i>Sorphreinsun</i>	
Pokar	122,50 kr./losun
Tunnur	100,00 kr./losun
Plastgámar	250,00 kr./losun
<i>Flutningur og urðun</i>	285 kr./m <sup>3</sup>
<i>Gámavöllur, grófurðun o.fl.</i>	5.500 kr./ein.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi og gilda fyrir árið 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 571/1994 um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. mars 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*